

FUNDARGERÐ VELFERÐARÁÐS

Fundur í Velferðarráði Bolungarvíkur haldinn þriðjudaginn 2. mars 2010, kl. 20:00.

Mættir voru: Einar Guðmundsson, formaður, Sunna Rey Sigurjónsdóttir, varaformaður, Valdimar L Gíslason, Þóra Hansdóttir, Ewa Szuba og Guðný Hildur Magnúsdóttir, félagsmálastjóri og starfsmaður ráðsins.

Dagskrá

1. Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál rætt, afgreitt og fært í trúnaðarmálabók.

2. Umsókn um leyfi til daggæslu í heimahúsi.

Hólmfríður J. Guðmundsdóttir, Holtabrún16, hefur sótt um leyfi til daggæslu í heimahúsi. Hún hefur skilað inn öllum gögnum þar að lútandi skv. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi nr. 907/2005.

Velferðarráð samþykkir að veita Hólmfríði leyfi til daggæslu í heimahúsi.

3. Umræður um þjónustu við aldraða.

Rætt um félagslega heimaþjónustu. Velferðarráð áréttar að í félagslegri heimaþjónustu felst fleira en þrif, s.s. innlit, félagslegur stuðningur og fleira. Reglur um félagslega heimaþjónustu eru á heimasíðu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Fundi slitið klukkan 21:00.

Einar Guðmundsson
Sunna Rey Sigurjónsdóttir
Ewa Szuba
Þóra Hansdóttir
Valdimar L. Gíslason
Guðný Hildur Magnúsdóttir